

***BORGARRÁÐ 28. maí 2020: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að fjármála- og áhættustýringarsvið kostnaðarmeti tillögur minnihlutafulltrúa - R20050311***

Flokkur fólksins leggur til að minnihlutafulltrúar fái aðstoð fjármálaskrifstofu við að kostnaðarmeta tillögur eftir því sem þeir telja nauðsynlegt áður en tillaga er lögð fram. Stundum nægir gróft kostnaðarmat. Að hafa hugmynd um kostnað getur stutt málið og skipt sköpum við atkvæðagreiðslu þ.e. dregið úr líkum þess að tillögu verði vísað samstundis frá af meirihlutanum eða felld. Fulltrúi Flokks fólksins leggur þess vegna til, að til að tryggja að fulltrúi minnihlutans fái upplýsingar sem þessar, verði starfshlutfall starfsmanns á fjármálasviði eyrnamerkt til að sinna beiðni af þessu tagi. Vel kann að vera að starfsmenn fjármálasviðs telji það ekki skyldu sína að svara eða aðstoða fulltrúa minnihlutans almennt séð en eftir því sem fulltrúi Flokks fólksins kemst næst eru starfsmenn og embættismenn borgarinnar ekki síður til að aðstoða minnihlutann en meirihlutann.